

**Breyting ríkisaðila í hlutafélag**  
Lagaákvæði og reikningsskilareglur  
við gerð sérfræðiskýrslu skv. 6. gr.  
hlutafélagalaga

Ágúst 2006



## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	5
2.	Almennt um stofnun hlutafélaga .....	6
3.	Stofnendur .....	7
4.	Stofnsamningur .....	8
5.	Samþykktir .....	9
6.	Stofnfundur .....	11
7.	Skráning .....	12
8.	Sérfræðiskýrsla .....	13
9.	Greiðsla hlutafjár .....	14
10.	Útgáfa hlutabréfs .....	15
11.	Önnur atriði vegna stofnunar hlutafélags .....	16
12.	Nánar um sérfræðiskýrslu skv. 6. gr. hlutafélagalaga .....	18
13.	Aðferðir við verðmat fyrirtækja .....	21
14.	Uppgjör og gagnaöflun vegna mats á efnahagsliðum .....	22
15.	Eignaskrá .....	23
16.	Sjóðir, bankareikningar, viðskiptareikningar .....	24
17.	Birgðir .....	25
18.	Skuldabréfaeign og eignarhlutar í félögum .....	26
19.	Varanlegir rekstrarfjármunir .....	27
20.	Langtímaskuldir og lífeyrisskuldbindingar .....	28
21.	Eignir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings .....	29
22.	Eignir sem hugsanlega er rétt að undanskilja .....	30
23.	Ákvörðun hlutafjár .....	32
24.	Sjóðstreymisgreining og kennitölusamanburður .....	33
	Fylgiskjal 1 .....	37
	Fylgiskjal II .....	41
	Fylgiskjal III .....	53



## **1. Inngangur**

- 1.1. Tilgangurinn með þessum leiðbeiningum er að tryggja eftir föngum að mat á eignum og skuldum ríkisaðila sem breytt er í hlutafélög og sem Ríkisendurskoðun er falið að gera sérfræðiskýrslu um, sbr. 6. grein laga um hlutafélög nr. 2/1995, sé unnið með skipulegum og samræmdum hætti.
- 1.2. Leiðbeiningar þessar taka einkum til breytingar ríkisaðila í hlutafélag sem ætlunin er að verði áfram í eigu ríkisins. Þær taka hins vegar ekki til þess hvernig standa skuli að undirbúningi að sölu slíkra fyrirtækja til einkaaðila.
- 1.3. Í leiðbeiningunum er greint frá lagareglum sem gilda um stofnun hlutafélaga sem og reikningshaldslegum atriðum sem reynir á við mat eigna og skulda.

## 2. Almennt um stofnun hlutafélaga

- 2.1. Almennt má segja að ákvæði II. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995 með síðari breytingum um stofnun hlutafélags miði að því að tryggja svo sem kostur er að væntanlegir hluthafar fái réttar upplýsingar um ástæður fyrir stofnun félagsins, tilgang þess og eðli. Þá er reglunum ætlað að stuðla að því að þeir fjármunir sem greint er frá í stofnsamningi séu fyrir hendi við stofnunina. Stofnun hlutafélags felur í sér eftirfarandi fjórar aðgerðir sem stundum geta þó fallið saman:
1. Gerð stofnsamnings.
  2. Söfnun áskrifta.
  3. Ákvörðun stofnenda um forsendur félagsstofnunar.
  4. Ákvörðun stofnfundar um að stofna félagið ásamt eftirfarandi skráningu þess.
- 2.2. Segja má að þegar ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag liggja yfirleitt fyrir í viðeigandi lögum og lögskýringargögnum ítarlegar upplýsingar um forsendur félagsstofnunarinnar, tilgang hennar og eðli ásamt því hver eða hverjir séu hluthafar eða geti orðið hluthafar. Af þessu leiðir að allar meginákvörðanir sem taka þarf annaðhvort fyrir eða við stofnun hlutafélags liggja að jafnaði fyrir þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélög. Meginatriðið á þessu stigi málsins er að formgera ákvarðanirnar og hrinda þeim í framkvæmd.
- 2.3. Minnt skal á að með lögum nr. 90/2006 um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög með síðari breytingum (opinber hlutafélög) er m.a. mælt svo fyrir að félag sem hið opinbera á að öllu leyti, beint eða óbeint, sé rétt og skylt að hafa orðin „opinbert hlutafélag“ í heiti sínu eða skammstöfunina ohf., sbr. 1. gr. þeirra.

### 3. Stofnendur

- 3.1. Samkvæmt hlutafélagalögum er stofnandi félags hver sá sem gerir eða undirritar skriflegan stofnsamning. Stofnendur geta m.a. verið lögráða einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, önnur félög o.fl., sbr. nánar 3. mgr. 3. gr. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna skulu stofnendur gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá). Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skulu stofnendur hlutafélags vera a.m.k. tveir. Samningurinn skal geyma ýmsar mikilvægar upplýsingar um aðdraganda að stofnuninni og þær reglur sem gilda skulu fyrir það og starfsgrundvöll þess auk annarra atriða er vinna skal út frá, svo sem drög að samþykktum félagsins, sbr. nánar 4. og 5. gr. hlutafélagalaga.
- 3.2. Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal vera lögráða og ráða yfir búi sínu. Hann ber sjálfur ásamt umbjóðanda sínum ábyrgð, svo sem sjálfur væri hann stofnandi, nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hefur skrifað sig fyrir, sbr. 5. mgr. 3. gr. Starfi stofnanda fylgir skv. þessu svokölluð stofnandaábyrgð. Hann þarf þó eins og áður er vikið að hvorki að leggja fram fjármuni né þarf hann að lofa að kaupa hlut í félaginu. Verkefni stofnenda felast fyrst og fremst í því að annast um þau verk sem inna þarf af hendi í tengslum við stofnun hlutafélagsins.
- 3.3. Gera verður skýran greinarmun á því efni sem telst til stofnsamnings og hins sem telst til samþykktu félagsins, einkum vegna þess að ólíkar reglur gilda um efni þessara skjala og þó einkum möguleika til breytinga á þeim.

## 4. Stofnsamningur

- 4.1. Samkvæmt 3. gr. hlutafélagalaga skulu stofnendur hlutafélags gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í honum skulu m.a. vera drög að samþykktum félagins og ákvarðanir um þau efni sem 4. og 5. gr. laganna fjalla um. Samkvæmt 4. gr. hlutafélagalaga skal stofnsamningur jafnan geyma tilteknar lágmarksupplýsingar. Ef um flóknari félög er að ræða verður jafnframt að gæta að ákvæðum 5. gr. Í þessu sambandi er fyrst og fremst átt við félög, þar sem hluthafi leggur fram hlutafé í öðru en peningum eða ef félagið á að taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri. Þetta er svo sem kunnugt er yfirleitt upp á teningnum þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélag.
- 4.2. Lágmarksupplýsingar skv. 4. gr. eru þessar:
1. Nöfn, kennitölur og heimilisföng stofnenda.
  2. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
  3. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
  4. Innan hvaða tíma stofnfund skal halda og hvernig til hans skal boða, nema það leiði af ákvæðum 12. gr. að fundurinn skuli haldinn án sérstakrar boðunar.
  5. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.
- 4.3. Ef hluthafi má greiða fyrir hluti með öðrum verðmætum en peningum skulu vera sérstök ákvæði um það í stofnsamningi, sbr. 5 gr. Sama á við ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum. Þá skal taka fram í stofnsamningi hvort einhverjir hluthafa eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu. Að auki þarf að gera grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru til þess að meta til fjár þau verðmæti sem hlutafélagið tekur við, sbr. 2. mgr. 5. gr. Allt lýtur þetta að því markmiði laganna að krefjast sem gleggstra upplýsinga um hlutafjárframlögin svo að væntanlegir hluthafar og viðskiptavinir félagsins geti betur áttað sig á þeim fjárhagsgrundvelli sem það verður byggt á.

*Sýnishorn af stofnsamningi hlutafélags er í fsk. 1.*



## 5. Samþykktir

- 5.1. Drög að samþykktum hlutafélags skulu vera hluti stofnsamnings. Af því leiðir að þær taka gildi sem slíkar um leið og ákveðið hefur verið með stofnsamningi að stofna félagið. Í 9. gr. hlutafélagalaga segir að í samþykktum skuli m.a. greina eftirtalin atriði:
1. Heiti félagsins og hugsanlegt erlent aukheiti.
  2. Heimilisfang.
  3. Tilgang félagsins.
  4. Hlutaféð.
  5. Fjárhæð hluta og atkvæðisrétt hluthafa.
  6. Fjölda eða hámarks- eða lágmarksfjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna og endurskoðenda.
  7. Ákvæði um hvernig boða skuli til hluthafafunda.
  8. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
  9. Ákvæði um hvert skuli vera reikningsár félagsins.
  10. Ákvæði um hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
  11. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi.
  12. Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.
- 5.2. Að því marki sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings skal í félagssamþykktum greint hvernig ráðstafa skuli hagnaði og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.
- 5.3. Rétt er að minna á að skv. 6. gr. laga nr. 90/2006 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög (opinber hlutafélög) skal í samþykktum opinbers hlutafélags kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.
- 5.4. Skytt er að kveða á um ofangreind atriði í samþykktunum. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að samþykktir geymi ákvæði er víkja frá frávikjanlegum ákvæðum hlutafélagalaganna. Dæmi um það væri 2. mgr. 63. gr. (stjórnarmenn sem ekki eru kjörnir af hluthafafundi) og 93. gr. (auknar kröfur til þess að koma fram með breytingum á samþykktum). Sama á við um ólögákveðin ákvæði að því tilskildu að

þau fjalli um efni sem varða gerð og rekstur viðkomandi félags. Stundum eru einstaka lagagreinar eða hluti þeirra teknar upp í samþykktirnar til áréttingar á efni þeirra. Dæmi um ófrávíkjanlegt ákvæði er ákvæðið um að hluthafar skuli a.m.k. vera tveir, sbr. 2. mgr. 3. gr. hlutafélagalaga, og að stjórnarmenn geti fæstir verið þrír, sbr. 63. hlutafélagalaga.

- 5.5. Tekið skal fram að þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélag eru gjarnan samþykkt frávík frá lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, t.d. kann að vera tekið fram að ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laganna gildi ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í félaginu og er þá mælt fyrir um þetta í þeim lögum sem heimila stofnun viðkomandi hlutafélags. Þess konar sérákvæði víkja til hliðar ákvæðum hlutafélagalaganna um sama efni. Að öðru leyti og ef annað leiðir ekki af slíkum sérákvæðum taka hins vegar ákvæði hlutafélagalaga jafnt til þessara félaga sem annarra.
- 5.6. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að skv. 4. tl. 2. mgr. 9. gr. hlutafélagalaga má í stofnsamningi og samþykktum ákveða hlutafé sem þá lágmarksfjárhæð er áskrift verður að fást að til þess að unnt sé að stofna félagið og hærri fjárhæð sem áskrift má fást að. Reglan felur í sér hagræði, t.d. ef hlutafjársofnun gengur framur vonum eða ekki liggur nægilega glögg fyrir hvert verðmæti framlaga stofnenda muni verða. Ef hlutafjárloforð safnast fyrir hærri fjárhæð en ákveðin er sem lágmark þarf ekki að hafna hluta þeirra eða ákveða hækkun hlutafjár síðar heldur nægir að ákveða og tilkynna þau hlutafjárloforð sem stofnendur samþykkja jafnvel þó að þau fari fram úr þeirri lágmarksfjárhæð sem ákveðin var.

*Sýnishorn af samþykktum hlutafélags er í fsk. 2.*

## 6. Stofnfundur

- 6.1. Skv. 12. gr. skal ákvörðun um stofnun félags tekin á stofnfundi og gilda um fundinn og þau mál sem þar eru tekin fyrir reglur X. kafla hlutafélagalaga og eftir atvikum uppkast að samþykktum fyrir félagið eftir því sem við getur átt, sbr. 2. mgr. 12. gr. Þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélag liggur að jafnaði fyrir bein lagaheimild þar að lútandi, gjarnan á þá lund að viðkomandi ráðherra sé heimilt að stofna félagið, hver tilgangur þess skuli vera, hvaða eignir skuli leggja því til o.s.frv. Í ljósi þessa er óþarft að gera ráð fyrir sérstökum undirbúningsfundi stofnenda heldur rennur slíkur fundur saman við stofnfundinn sjálfan, þ.e. um er að ræða svokallaða samtímastofnun.
- 6.2. Tillaga um stofnun félags telst samþykkt ef hún fær samþykki meiri hluta þeirra er greiða atkvæði og fara með minnst  $\frac{2}{3}$  hluta þess hlutfjár sem mætt er fyrir á stofnfundi, sbr. 3. mgr. 13. gr. hlutafélagalaga. Vandamál þessu tengd ættu því tæpast að koma upp þegar ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélög.
- 6.3. Eftir að stofnfundur hefur samþykkt að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur, sbr. 4. mgr. 13. gr. hlutafélagalaga. Eftir það er hún í forsvari fyrir félagið og hefur forræði á málefnum þess. Stjórnin skipar sjálf með sér verkum, sé ekki sérstaklega mælt fyrir á annan veg í samþykktum félags, sbr. 70. gr. hlutafélagalaga, og hún ræður framkvæmdastjóra, sbr. 65. gr. þeirra. Um kosningu félagsstjórnar, stjórnarformanns, hlutverk og skyldur nægir að öðru leyti að vísa til XI. kafla laganna.
- 6.4. Vakin skal athygli á ákvæðum áður nefndra laga nr. 90/2006 um opinber hlutafélög en skv. 2. gr. þeirra skal við kjör í stjórn opinbers hlutafélags tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Þá skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar opinberra hlutafélaga gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra, sbr. 3. gr. laganna.

## 7. Skráning

- 7.1. Skv. 14. gr. hlutafélagalaganna skal stjórn tilkynna félag til skráningar hjá hlutafélagaskrá innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings. Ef tilkynning berst ekki innan frestsins skal synja skráningar. Þá er það skilyrði fyrir skráningu að heildarhlutafé sé í samræmi við það sem greinir í samþykktum og að helmingur þess a.m.k. sé greiddur. Sama á við um það sem greiða á umfram nafnverð. Þetta breytir á hinn bóginn ekki því að óskrásett hlutafélag getur þurft að gera ýmsar ráðstafanir strax eftir stofnun. Slíkt getur verið eðlilegur og nauðsynlegur undanfari í starfsemi félagsins. Taka þarf húsnaði á leigu, ráða starfsmenn o.s.frv. Það athugist á hinn bóginn í þessu sambandi að skv. 2. mgr. 15. gr. bera þeir sem gera löggerninga af þessu tagi f.h. hlutafélags áður en það er skráð óskipta persónulega ábyrgð á efndum þeirra. Við skráninguna tekur félagið við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.
- 7.2. Loks skal vakin athygli á riftunarheimildum sem viðsemjendum við óskráð félög eru tryggð í 3. mgr. 15. gr. laganna. Samkvæmt þeim getur grandvar viðsemjandi rift samningi ef félag er ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár innan lögboðins frests. Sé viðsemjandinn grandlaus getur hann á hinn bóginn rift samningnum á meðan félagið er ekki skráð.

*Sýnishorn af tilkynningu til félagaskrár er í fsk. 3.*

## 8. Sérfræðiskýrsla

- 8.1. Með sérfræðiskýrslu er átt við mat óháðra sérfræðinga á verðmætum þeim sem hlutafélag tekur við í tengslum við stofnun þess ef greitt er með öðrum verðmætum en reiðufé. Í 12. kafla leiðbeininganna er nánar fjallað um lagaákvæðin um gerð og efni sérfræðiskýrslu og vísast til þeirrar umfjöllunar um þann þátt málsins. Þar kemur m.a. fram að þegar hlutafélag á við stofnun að kaupa eða yfirtaka rekstur fyrirtækis skal við undirritun stofnsamnings þess liggja fyrir efnahags- og rekstrareikningur fyrirtækisins fyrir síðustu tvö reikningsár. Enn fremur þarf upphafsefnahagsreikningur hins nýja félags að fylgja stofnsamningi þess ásamt gögnum um að hagur yfirtekna félagsins hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og stofnun nýja hlutafélagsins.
- 8.2. Um sérfræðiskýrsluna og atriði er tengjast henni nægir að öðru leyti að vísa til umfjöllunar síðar í þessum leiðbeiningum.

## 9. Greiðsla hlutafjár

- 9.1. Ákvæði III. kafla hlutafélagalaganna geyma reglur um greiðslu hlutafjár og innheimtu þeirra hlutafjárloforða sem ekki hefur verið staðið við á umsömdum tíma. Reglur kaflans eiga einnig við um hækkun hlutafjár eftir því sem við getur átt. Skv. 18. gr. laganna skal sá sem skráð hefur sig fyrir stofnun hlutafélags greiða hlut sinn í síðasta lagi innan árs frá því að félagið var skráð. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga áður nefnda reglu 2. mgr. 14. gr. laganna um að hlutafélag fæst ekki skráð nema a.m.k. helmingur hlutafjár sé greiddur. Sama regla gildir um það sem greiða á umfram nafnverð.
- 9.2. Greiðsla hlutafjárins felur í sér að félagið hefur öðlast ráðstöfunarrétt yfir greiðslunni og er reglum kaflans ætlað að stuðla að því að greiðslan eða verðmæti hennar sé í fullu samræmi við það sem skráð hefur verið sem hlutafé. Skv. 16. gr. laganna má greiðsla hlutar aldrei vera lægri en nafnverð hans. Stjórn félags má í samræmi við þetta aldrei gefa eftir kröfuna með neinum hætti og ekki má hún heldur taka við greiðslu í öðrum verðmætum en peningum nema sérstaklega hafi verið mælt fyrir um slíkt í stofnsamning, sbr. 5. gr. Í því tilviki verður greiðsla einnig að svara til nafnverðs og eru samningar um annað ógildir, sbr. 77. gr. laganna. Stjórninni ber að ganga úr skugga um að verðmætin séu í samræmi við lýsingu í stofnsamningi, sbr. 1. mgr. 16. gr. Ekkert er því til fyrirstöðu að hlutir séu greiddir herra en nemur nafnverði enda renna umframgreiðslur þá í yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár, sbr. 2. mgr. 100. gr. laganna. Með reglum þessum er fyrst og fremst reynt að stuðla að því að tryggja hagsmuni lánardrottna félagsins og hluthafanna.
- 9.3. Standi hluthafi ekki skil á greiðslu hlutafjárloforðs getur stjórn félagsins gripið til ýmissa vanefndaúrreða, sbr. einkum 17.–19. gr. laganna.

## 10. Útgáfa hlutabréfs

10.1. Hlutabréf er skjal sem hlutafélag gefur til hluthafa sem sönnunargagn fyrir þeim hlut sem hann á í félaginu. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. er skylt að gefa hlutabréf út og mega þau einungis hljóða á nafn. Þá er stjórn félags heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamíðstöð í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf en nöfn þeirra má rita með vélrænum hætti. Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Útgáfudag hlutabréfs.

Ef ákvæði eru í félagssamþykktum um eftirtalin atriði skulu þau einnig greind í hlutabréfi:

1. Þann flokk er hlutabréf tilheyrir ef um er að ræða skiptingu hluta í sérstaka flokka.
2. Skorður þær sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
3. Innlausnarrétt sem á hlutabréfi hvílir eða rétt til að skipta því fyrir aðra hluti án samþykkis hluthafa.
4. Aðrar sérstakar skyldur er hvíla á hlutum umfram skylduna til að greiða hlutaféð.
5. Heimild til að ógilda hlutabréf án dóms.

10.2. Ef hlutur er ekki að fullu greiddur getur stjórn félags gefið út bráðabirgðaskírteini, sbr. nánar 28. gr. hlutafélagalaganna.

## 11. Önnur atriði vegna stofnunar hlutafélags

- 11.1. Rekstrarformi ríkisstofnana eða ríkisfyrirtækja verður að jafnaði ekki breytt nema á grundvelli skýrra lagaheimilda. Í lögum um slíkar breytingar er ráðherrum eða eftir atvikum ríkisstjórn gert skylt eða veitt heimild til að stofna hlutafélag. Gæta þarf að því að fullur samhljómur sé á milli stofnlaganna og ófrávíkjanlegra ákvæða hlutafélagalaga. Stundum er ákvæðum hlutafélagalaga vikið til hliðar samkvæmt ákvæðum í sérlögum um stofnun hlutafélaga eins og vikið er að í greinum 5.5 og 12.1. Brýnt er að sérákvæði sem þessi séu skýr og afdráttarlaus.
- 11.2. Þau atriði sem æskilegt er að mælt sé fyrir um í frumvörpum af þessu tagi varða t.d. tilgang félagsins, rekstur, hvaða stofnun eða fyrirtæki því er ætlað að taka yfir og þá hvenær, hvaða eignir, hvaða skuldir, réttindi og skuldbindingar fylgi yfirtökunni og eftir atvikum hvort og þá hvernig ábyrgð ríkisins skuli háttáð á skuldbindingum. Þá er mjög brýnt að þar séu að finna fyrirmæli eða leiðbeiningar um hvert stofnféð eða heildarfjárhæð hlutafjár skuli vera og hvernig það skuli ákvarðað ef félaginu eru lögð til önnur verðmæti en peningar. Þá er nauðsynlegt að mæla fyrir um hver skuli fara með hlutabréf í eigu ríkisins ef fjármálaráðherra á ekki að fara með handhöfn þeirra, en skv. reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer hann með þau ef þau eru ekki sérstaklega falin öðrum. Þá er og brýnt að mæla fyrir um hvort selja megi hlutabréfin og hvernig og hvenær þau skuli seld ef slíkt er upp á teningnum. Ef gert er ráð fyrir að tiltekin stjórnvöld eða aðrir fái rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn, sbr. heimild þar að lútandi í 2. mgr. 63 gr., er æskilegt að sá vilji löggjafans komi fram í lögum um heimild til að stofna viðkomandi félag.
- 11.3. Ef ekki er mælt sérstaklega fyrir um réttindi starfsmanna forvera félagsins gilda eftir því sem við eiga ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, svo og laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, þ.e. hver þau skuli vera eða eftir hvaða reglum þau skuli ákvarðast. Helst kemur hér til skoðunar réttur embættismanna og starfsmanna sem skipaðir voru eða ráðnir ótímabundið í þjónustu ríkisins án gagnkvæms uppsagnarfrests til biðlauna þegar starf er lagt niður, sbr. nánar 34. gr. laga nr. 70/1996 og 3. og 5. mgr. ákvæðis laganna til bráðabirgða. Lög nr. 72/2002 mæla á hinn bóginn fyrir um réttarvernd starfsmanna við formbreytinguna.
- 11.4. Yfirleitt er kveðið sérstaklega á um það að hið nýja félag skuli bjóða öllum starfsmönnum þeirrar ríkisstofnunar eða ríkisfyrirtækis sem



hún yfirtekur störf hjá félaginu. Þá er að jafnaði mælt svo fyrir í lögum um stofnun hlutafélags um ríkisrekstur að þeir starfsmenn viðkomandi ríkisfyrirtækis sem áunnið hafa sér rétt til lífeyrisgreiðslna, skv. 24. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (þ.e. starfsmenn sem komnir eru yfir sextugt og geta hafið töku lífeyris gegn því skilyrði að láta af störfum) og ráðnir eru til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálfu starf eða meira, geti ekki hafið töku lífeyris fyrr en þeir láta af störfum hjá félaginu.

## **12. Nánar um sérfræðiskýrslu skv. 6. gr. hlutafélagalaga**

- 12.1. Í 6. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 eru ákvæði um mat eigna sem hlutafélag tekur við sem greiðslu á stofnfé. Þessi ákvæði gilda um stofnun hlutafélaga í eigu ríkisins nema annað sé tekið fram í lögum sem kunna að vera sett sérstaklega um stofnun hvers félags.
- 12.2. Fyrirnefnd lagagrein kveður á um að eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, þ.e. ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé eða ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum, frá stofnendum eða öðrum, skuli sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi.
- 12.3. Skýrslan skal geyma:
1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
  2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
  3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
  4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.
- 12.4. Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagar fyrirtækis þess sem félagið yfirtekur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.
- 12.5. Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.
- 12.6. Í 7. gr. laganna segir að sérfræðiskýrslan skuli unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins.

- 12.7. Lagaákvæði um löggilta endurskoðendur gilda um sérfræðinga þá er skýrsluna semja eftir því sem við á.
- 12.8. Sérfræðingarnir hafa rétt til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.
- 12.9. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að ef félagið aflar annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem greinir í 6. gr. frá stofnanda eða hluthafa þurfi samþykki hluthafafundar ef:
1. Öflun verðmætanna fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi þar til liðin eru tvö ár frá skráningu félagsins.
  2. Endurgjaldið nemur a.m.k.  $\frac{1}{10}$  hlutafjárins.
- 12.10. Til afnota fyrir hluthafafund skal útbúin sérfræðiskýrsla í samræmi við ákvæði 6. gr. Stjórnin skal einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna.
- 12.11. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.
- 12.12. Greinargerðina um öflun verðmætanna og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 88. gr. Skjölin skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.
- 12.13. Eigi síðar en einum mánuði eftir að hluthafafundurinn hefur samþykkt öflun verðmætanna skal senda hlutafélagaskrá sérfræðiskýrsluna með áritun fundarstjóra á hluthafafundinum um það hvenær ráðstöfunin var samþykkt.
- 12.14. Í þeim leiðarvísi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að efnisuppbygging sérfræðiskýrslu sé með eftirfarandi hætti:

1. Inngangur
  - 1.1. Aðdragandi að skýrslu matsnefndar
  - 1.2. Afmörkun á verkefni matsnefndar
  - 1.3. Vinna matsnefndar
  
2. Lýsing á greiðslu eða því sem tekið er við
  - 2.1. Varanlegir rekstrarfjármunir
  - 2.2. Áhættufjármunir og langtímakröfur
  - 2.3. Veltufjármunir
  - 2.4. Skuldir
  - 2.5. Skuldbindingar og réttindi
  - 2.6. Annað
  
3. Eignamat
  - 3.1. Aðferðafræði við eignamat
  - 3.2. Drög að efnahagsreikningi
  
4. Mat samkvæmt núvirtu fjárflæði
  - 4.1. Rekstrarafkoma
  - 4.2. Fjárfesting
  - 4.3. Lánamál
  - 4.4. Ávöxtunarkrafa
  - 4.5. Verðmat
  
5. Endurgjald
  - 5.1. Endurgjald fyrir þau verðmæti sem tekið er við
  - 5.2. Ábendingar

### **13. Aðferðir við verðmat fyrirtækja**

- 13.1. Við verðmat á fyrirtækjum er almennt notast við þrjár aðferðir: Endurmetið eigið fé, sjóðstreymisgreiningu og kennitölusamanburð. Hver aðferð hefur bæði ákveðna kosti en jafnframt galla. Æskilegast er að hægt sé að byggja verðmatið á þeim öllum.
- 13.2. Endurmat á eigin fé byggir á að meta eignir og skuldir fyrirtækis til markaðsvirðis. Þessi aðferð er mikið notuð enda er hún tiltölulega auðveld í framkvæmd og þarfnast ekki mikillar áætlanagerðar. Hún krefst hins vegar sannprófunar á ársreikningi og þekkingar á markaðsvirði eigna. Meginreglan sem gengið er út frá er að meta eignir til þess verðmætis sem myndi gilda í viðskiptum milli óskyldra aðila, þ.e. ef hið nýja félag þyrfti að kaupa allar eignir á markaðsvirði.
- 13.3. Til hliðsjónar er síðan horft til rekstrarhæfni hins nýja félags með því að spá fyrir um frjálst sjóðstreymi í framtíðinni og núvirða það miðað við tiltekna ávöxtunarkröfu. Fræðilega gefur slík sjóðstreymisgreining réttasta mælikvarðann á virði fyrirtækja. Hins vegar er notkun hennar oft háð talsverðri óvissu auk þess sem hún er tímafrekari en aðrar aðferðir enda kallar hún á að viðskiptaáætlanir liggi fyrir um reksturinn.
- 13.4. Kennitölusamanburður felst í að bera saman kennitölur við sambærileg félög innan sömu atvinnugreinar. Aðferðin er háð því hversu sambærileg önnur fyrirtæki eru og hvort upplýsingar liggi fyrir um verðmæti þeirra, t.d. að fyrir hendi sé skráð verð í nýlegum viðskiptum.
- 13.5. Í því sem á eftir fer er einkum horft til fyrstu aðferðarinnar, þ.e. endurmats á eigin fé, enda hefur henni mest verið beitt við breytingu á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Einnig er stuttlega vikið að hinum tveimur aðferðunum sem hafa minna verið notaðar við verðmat í tengslum við slíkar breytingar hjá hinu opinbera.

## 14. Uppgjör og gagnaöflun vegna mats á efnahagsliðum

14.1. Þegar ríkisaðili breytir um rekstrarform úr stofnun í hlutafélag er alltaf gert uppgjör sem oftast er miðað við áramót en einnig getur verið að nýja félagið taki til starfa innan ársins og tekur nýr stofnefnahagsreikningur gildi frá þeim degi (þannig er ekki neitt bil á milli síðasta uppgjors ríkisaðilans og nýja hlutafélagsins). Á hinn bóginn er hægt að miða sérfræðiskýrslu við fyrri áramót ef svo ber undir eða við fyrri milliuppgjör. Þannig getur verið bil á milli viðmiðunardagsetningar við gerð sérfræðiskýrslu og lokauppgjors ríkisaðilans.

14.2. Auk nýjustu ársreikninga og milliuppgjóra þarf að fá nákvæmar sundurliðanir á eftirtöldum efnahagsliðum ásamt upplýsingum um afstemmingar og mat á einstökum liðum, sbr.

- a) Bankareikningar og sjóðir
- b) Viðskiptakröfur ásamt greinargerð um áhættumat krafna og vanskil
- c) Viðskiptaskuldir (lánardrottnar)
- d) Aðrar skammtímakröfur (þ.m.t. kröfur á starfsmenn)
- e) Aðrar skammtímaskuldir (þ.m.t. orlofsskuldbindingar)
- f) Vörubirgðir ásamt upplýsingum um mat
- g) Eignarhlutir í félögum ásamt upplýsingum um mat
- h) Eignaskrá um rekstrarfjármuni og aðrar eignir
- i) Greinargerð og fyrningaskýrsla um varanlega rekstrarfjármuni (B-hluta stofnana) ásamt upplýsingum um aðferðir við endurmat og afskriftir
- j) Upplýsingar um óefnislegar eignir
- k) Greinargerð um óbókfærðar eignir
- l) Upplýsingar um langtímaskuldir
- m) Lífeyrisskuldbindingar ásamt upplýsingum um mat
- n) Greinargerð um skuldbindingar utan efnahagsreiknings

## **15. Eignaskrá**

- 15.1. Ganga þarf úr skugga um að fyrir hendi sé tæmandi eignaskrá sem lýsir hverri einstakri eign, staðsetningu hennar, kaupverði og kaupdegi. Ekki skiptir hér máli hvort viðkomandi eign er færð í efnahagsreikning eða ekki.
- 15.2. Liggi ekki fyrir eignaskrá eða hún er ófullkomin þarf að byrja á að færa hana. Almennt má fela starfsmönnum stofnunarinnar að annast það verk en rétt er að matsnefndin yfirfari skrána.
- 15.3. Uppfærð eignaskrá ætti að liggja til grundvallar fyrningaskýrslu hins nýja félags.

## **16. Sjóðir, bankareikningar, viðskiptareikningar**

- 16.1. Almennt má ganga út frá því að staða sjóðs, banka, og viðskiptareikninga og annarra skammtímaeigna og skulda hafi verið staðfest í tengslum við gerð ársreiknings eða milliuppgjors sem notuð eru sem viðmiðun við gerð sérfræðiskýrslunnar. Þess vegna er aðeins þörf á að skoða breytingar á þessum liðum frá þeim reikningsskilum sem notuð voru til viðmiðunar við gerð skýrslunnar og þar til lokauppgjorið er gert.
- 16.2. Peningalegar eignir eru metnar á bókfærðri stöðu en ástæða kann að vera til að fara yfir viðskiptakröfur með það fyrir augum að meta hvort þær hafi allar verið skráðar og hver sé innheimtanleiki þeirra. Hlutafélag hefur oft verri möguleika á að þvinga fram greiðslu en ríkisstofnun. Þess vegna kann að vera nauðsynlegt að endurmeta framlag í afskriftasjóð viðskiptakrafna.
- 16.3. Allar kröfur á starfsmenn og inneignir þeirra (t.d. vegna vangoldinna launa) þurfa að vera skjalfestar og staðfestar.
- 16.4. Sérstaklega þarf að staðfesta skuldir stofnunar við ríkissjóð sé um þær að ræða og ganga eftir uppgjori á þeim eftir því sem ástæða er til.
- 16.5. Áfallið orlof er alla jafna ekki fært upp í ársreikningum A-hluta ríkisstofnana en á að vera fært hjá ríkisfyrirtækjum í B-hlutanum. Reikna þarf upp áfallið orlof og færa til skuldar.
- 16.6. Gæta þarf að hvort búið er að færa upp allar skuldir vegna opinberra gjalda sem lögð eru á ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki ásamt afstemmingu á virðisaukaskatti þar sem það á við.



## **17. Birgðir**

- 17.1. Ganga þarf úr skugga um að allar birgðir (hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar vörur) hafi verið taldar á uppgjörstegi og fá upplýsingar um hvernig þær eru metnar. Kanna þarf hvort bókfært verðmæti birgða sé hærra en eðlilegt matsverð þegar tekið hefur verið tillit til úreldingar birgða af ýmsum ástæðum. Ef svo er þarf að endurmeta bókfærðar birgðir til lækkunar.

## 18. Skuldabréfaeign og eignarhlutar í félögum

- 18.1. Skuldabréfaeign er yfirleitt færð á nafn- eða kostnaðarverði, en bankar og önnur fjármálafyrirtæki kunna að færa slík bréf á markaðsverði teljist bréfin til veltubókar (e. *trading book*).
- 18.2. Breytingar á ávöxtunarkröfu á markaði leiða til þess að líklegt er að markaðsverð skuldabréfa sé annað en bókfært verð. Rétt er að meta skuldabréfaeignina til markaðsverðs eða færa til núvirðis liggi markaðsverð ekki fyrir. Einnig þarf að skoða hvort skilmálar bréfa og tryggingar geti haft áhrif á slíkt verðmat.
- 18.3. Eignarhlutir í öðrum félögum eru ýmist færðir í reikningsskil á kostnaðarverði, samkvæmt hlutdeild í eigin fé (hlutdeildaraðferð) eða í samstæðureikningsskilum sem dótturfélög. Einnig er hugsanlegt að eignarhlutinn sé færður á markaðsverði, þ.e. ef um er að ræða markaðsverðbréf, eigandinn er fjármálastofnun og viðkomandi eign telst til veltubókar hans.
- 18.4. Hlutafjäreign í skráðum félögum er rétt að meta á skráðu markaðsverði sem næst þeim degi sem sérfræðiskýrsla er gerð.
- 18.5. Hlutafjäreign í óskráðum félögum er rétt að meta skv. hlutdeildaraðferð en horfa jafnframt til hversu vel niðurstaða sem þannig fæst gengur upp miðað við rekstrarhæfi viðkomandi félags (skv. sjóðstreymisaðferð). Einnig er rétt að skoða hvort afla má upplýsinga um nýleg viðskipti með eignarhluta í félaginu og hafa til hliðsjónar.
- 18.6. Afla þarf ársreikninga viðkomandi félags og hugsanlegra annarra gagna sem nauðsynleg eru vegna mats á því.
- 18.7. Rétt er að taka tilliti til vægis viðkomandi eignar í eignasafni hins nýja hlutafélags. Sé vægið óverulegt er ekki ástæða til að leggja út í mikla vinnu við matið.

## 19. Varanlegir rekstrarfjármunir

- 19.1. Ef um er að ræða stofnun eða fyrirtæki í B-hluta hefur kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna verið eignfært og afskrifað eftir almennum reikningsskilaaðferðum. Eignir voru fram til árslok 2001 endurmetnar miðað við almennar verðlagsbreytingar. Bókfært verð er því blanda af afskrifuðu endurmetnu stofnverði og afskrifuðu kaup- eða kostnaðarverði. Margar eldri eignir hafa verið að fullu afskrifaðar og eru færðar til eignar á hrakvirði.
- 19.2. Bókfært verð þarf af þessum sökum ekki að vera það sama og afskrifað endurstofnverð, þ.e. kostnaður við að afla eignarinnar í dag að teknu tilliti til afskrifta.
- 19.3. Loks getur markaðsverð eignarinnar verið annað en bæði bókfært verð og afskrifað endurstofnverð. Þegar þannig háttar til má segja að til staðar séu dulin verðmæti sem ástæða er til að leggja mat á.
- 19.4. Við verðmat eigna er rétt að ganga út frá áætluðu markaðsverði, en að öðrum kosti afskrifuðu endurstofnverði.
- 19.5. Leggja þarf mat á hvaða afskriftarhlutfall sé rétt að nota við mat á eignum. Almennt ætti slíkt hlutfall að miðast við áætlaðan reikningshaldslegan líftíma eignar með eða án hrakvirðis.
- 19.6. Starfsmenn þeirrar stofnunar sem breyta á í hlutafélag geta aðstoðað við mat á verðmæti eigna. Einnig getur þurft að leita til sérfróðra aðila um mat á eignum. Þannig annast fasteignasalar verðmat fasteigna (húsnæðis og lóða), bílasalar verðmat ökutækja, skipasalar verðmat skipa og báta, og listaverkasalar verðmat á listaverkum. Aðrir sérfróðir aðilar geta metið t.d. vinnuvélar, flugvélar eða sérhæfðan tæknibúnað og aðrar sérhæfðar eignir, eins og línur, dreifikerfi og mannvirki ýmiss konar.

## 20. Langtímaskuldir og lífeyrisskuldbindingar

- 20.1. Almennt má ganga út frá bókfærðu verðmæti langtímaskulda en ástæða kann að vera til að leita staðfestingar á fjárhæð, vaxtakjörum og lánstíma frá lánveitanda.
- 20.2. Ganga þarf úr skugga um hvort lánardrottinn hafi samþykkt aðilaskipti á skuldum. Ef ekki þarf að tilgreina hver ábyrgð ríkissjóðs er vegna skulda sem hið nýja hlutafélag tekur yfir. Það þarf hins vegar að gera ef lánardrottinn neitar að samþykkja aðilaskipti nema ábyrgð ríkisins fylgi með.
- 20.3. Hafa ber hugfast að vaxtakjör hins nýja félags kunna að versna þegar ríkisábyrgðar nýtur ekki lengur við (gæti haft áhrif á mat skv. sjóðstreymisaðferð).
- 20.4. Yfirleitt tekur hið nýja hlutafélag yfir áfallnar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna. Slíkar skuldbindingar hafa verið færðar í reikninga ríkisaðila í B-, C- og D-hluta en hjá ríkissjóði vegna ríkisaðila í A-hluta. Tryggja þarf að slíkt uppgjör hafi farið fram og að fjármálaráðuneytið og ef til vill einnig lífeyrissjóðurinn hafi samþykkt uppgjórið. Skuldbindingin er þá gerð upp með skuldabréfi sem nýja félagið gefur út og því ætti að liggja fyrir hver kostnaður þess verður.
- 20.5. Ganga þarf úr skugga um að gengið hafi verið frá samkomulagi um meðferð lífeyrisskuldbindinga eftir uppgjörsdag og að ljóst sé hvort hið nýja félag muni yfirtaka þær að fullu eða hluta. Einnig þarf að koma fram hvort ríkissjóður hafi gengið í ábyrgð fyrir slíkum greiðslum gagnvart starfsmönnum.
- 20.6. Þar sem hið nýja félag tekur ekki yfir „lifandi lífeyrisskuldbindingar“ er ekki um það að ræða að nein óvissa verði um hvernig þessi mál verða í framtíðinni. Hins vegar getur sú breyting ein og sér að fara úr ríkisrekstri yfir í einkarekstur kallað á nýjar aðferðir við ákvörðun á gjaldskrá félagsins. Einnig kann að vera gert ráð fyrir að félagið geri samning við ríkið um tiltekna þjónustu. Þarf að skoða viðskipta-áætlunina í þessu samhengi þar sem slíkt kemur til með að hafa áhrif á verðmat skv. sjóðstreymisaðferð.

## **21. Eignir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings**

- 21.1. Ganga þarf úr skugga um hvort til staðar séu verðmæti eða skuldbindingar sem ekki eru færð til eignar hjá félaginu (duldar eignir). Dæmi um slíkt gætu t.d. verið samningar um sýningarrétt í sjónvarpi, afnotaréttur af útsendingartíðnum, viðskiptavild, hugverkaréttindi, kaupréttur á fasteignum, lóðum og löndum eða tækjum og áhöldum, forgangsréttur eða forkaupsréttur sem verðmæti geta verið í fólgin, gjafir sem stofnun hefur fengið og ekki er getið í bókhaldi, listaverk ýmiss konar, verðmætir safngripir (bækur o.fl.) og jafnvel innréttingar eða húsgögn, vélar eða áhöld sem geta haft menningarlegt og sögulegt gildi en um leið fjárhagslegt.
- 21.2. Jafnvel þótt ekki sé talin ástæða til að verðmeta slík réttindi og skuldbindingar er ástæða til að geta þeirra í sérfræðiskýrslu.
- 21.3. Starfsmenn þeirra stofnana sem breytt er í hlutafélög kunna að eiga rétt til biðlauna á þeirri forsendu að starf þeirra hafi verið lagt niður.
- 21.4. Um biðlaunarétt er kveðið í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Einnig kunna að vera sett sérákvæði um biðlaunarétt í sérlögum.
- 21.5. Ganga þarf úr skugga um hvort ríkissjóður eða nýja hlutafélagið kemur til með að bera kostnað vegna biðlaunaréttar. Falli þau á félagið þarf að tilgreina þau í skýringum með stofnefnahagsreikningi.
- 21.6. Skoða þarf hvort hið nýja félags gæti átt á hættu fjárskuldbindingar vegna yfirvofandi eða yfirstandandi málaferla, þ.m.t. skattalegs eðlis.
- 21.7. Rétt er að afla staðfestingar frá forstöðumanni þeirrar stofnunar sem breytt er í hlutafélag hvort slíkar skuldbindingar eða mál kunni að vera til staðar.

## 22. Eignir sem hugsanlega er rétt að undanskilja

- 22.1. Við stofnun hlutafélags um starfsemi sem áður var rekin af ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki kunna að vakna spurningar um eignir sem rétt sé að undanskilja. Þarna getur verið um að ræða eignir sem t.d. hafa mikið menningarsögulegt gildi fyrir almenning en teljast ekki nauðsynlegar fyrir áframhaldandi starfsemi hins nýja hlutafélags.
- 22.2. Eðlilegt kann að vera að slíkum eignum verði ekki ráðstafað til hins nýja félags heldur verði þær eftir hjá ríkissjóði eða þeim aðila sem kann að verða tilnefndur til að taka við þeim. Í annan stað kann að vera eðlilegt að gera samning við hið nýja félag um vörslu, afnot og ráðstöfunarrétt af þeim.
- 22.3. Leita þarf eftir afstöðu hlutaðeigandi ráðuneytis til þess hvaða eignum beri að halda eftir og sker ráðuneytið úr um hvaða eignir falla hér undir (sé það ekki þegar tilgreint nákvæmlega í lögum). Matsnefndin sér til þess að slík mál séu könnuð og kemur ábendingum á framfæri við ráðuneytið og viðkomandi stofnun.
- 22.4. *Skjalasöfn.* Margir ríkisaðilar hafa starfað um langt skeið og skjalasöfn þeirra eru heimild um þá starfsemi. Greiður aðgangur að slíkum heimildum getur því skipt verulegu máli fyrir sagnfræðirannsóknir. Skilaskylda á slíku efni til Þjóðskjalasafns helst þótt breyting verði á rekstrarforminu.
- 22.5. *Listaverkaeign.* Ýmsir opinberir aðilar hafa eignast listaverk sem geta haft menningarsögulegt gildi en skipta tæplega máli um rekstrarhæfi viðkomandi hlutafélags. Taka þarf afstöðu til hvort slíkum eignum væri betur fyrirkomið annars staðar.
- 22.6. *Safngripir.* Opinberir aðila kunna að eiga safn gamalla gripa sem ekki nýtast lengur vegna rekstrarins en hafa söfnunarlegt gildi.
- 22.7. *Efnissöfn* (t.d. gamlar upptökur af sjónvarps- og útvarpsefni). Aðilar eins og RÚV eiga upptökur af margvíslegu sjónvarps- og útvarpsefni jafnvel áratuga gamalt. Sumt af þessu efni kann að hafa menningarsögulegt gildi.
- 22.8. *Bækur og bókasöfn.* Opinberir aðilar hafa iðulega komið sér upp góðu safni bóka, tímarita og annarra gagna sem tengjast starfsemi þeirra. Ætla má að slík söfn séu að jafnaði nauðsynlegur þáttur í rekstri viðkomandi aðila og þess vegna eðlilegt að þau færist til hins nýja félags. Hins vegar kunna að vera í slíkum söfnum gripir sem

vegna aldurs, verðmætis eða af öðrum ástæðum hafa fyrst og fremst menningarsögulegt gildi.

- 22.9. *Aðrar eignir.* Kanna þarf hvort eins háttar til um aðrar eignir. Dæmi um slíkt gætu t.d. verið lóðir og fasteignir sem ekki teljast nauðsynlegar fyrir starfsemi félagsins eða eru taldar tengjast starfsemi þess með beinum hætti. Einnig má nefna ýmiss konar gagnasöfn og hugverkaréttindi.

## 23. Ákvörðun hlutafjár

- 23.1. Eftir að mat á eignum og skuldum liggur fyrir þarf að ákvarða hvert skuli vera nafnverð hlutafjárins. Til greina kemur að það sé jafnt endurmetnu eigin fé en það getur einnig verið lægra.
- 23.2. Til eru dæmi um að hlutafélag sé stofnað um rekstur ríkisstofnana eða ákveðins hluta úr rekstri þeirra. Þá er einfaldast að stofna hlutafélag með nánar tilgreindu hlutafé. Slíkt á sér oftast stað þegar ekki er ætlast til að félagið taki yfir eignir og skuldbindingar heldur færist starfsemin yfir í hlutafélagið. Einnig er þetta form notað þegar verðmæti yfirtekinnna eigna er lægra en hlutafé. Er þá gert ráð fyrir að félagið þurfi að hefja starfsemi frá grunni og hafi þar af leiðandi ekkert annað handbært fé til að standa undir rekstri og fjárfestingu fyrstu mánuðina en innborgað hlutafé. Dæmi um slíkt er Flugkerfi hf. sem stofnað var af Flugmálastjórn og Háskóla Íslands.
- 23.3. Við ákvörðun um stofnun hlutafélags sem á að taka yfir rekstur ríkisfyrirtækis þarf að horfa til þess umhverfis sem fyrirtækið á að starfa í. Það þarf að tryggja að félagið sé stofnað með svo miklu eigin fé að það geti starfað með eðlilegum hætti um tiltekinn tíma. Það þarf að líta til þeirrar atvinnugreinar sem félagið á að starfa í og taka mið af því hvert eðlilegt eða meðal eiginfjárlutfall er í greininni og það þarf að horfa til þess hvernig eiginfé er skipt milli hlutafjár og annars eiginfjár. Þegar verið er að yfirtaka rekstur ríkisfyrirtækis sem búið er að vera í rekstri um langan tíma er rétt að finna til hlutfall milli hlutafjár og annars eiginfjár sem almennt má telja viðeigandi og almennt.
- 23.4. Í sumum lögum um stofnun hlutafélags um starfsemi ríkisins eru bein ákvæði um fjárhæð hlutafjár eða sagt til um hvernig það skuli fundið. Einnig eru til dæmi þar sem sagt er hvernig eigin fé skuli skipt milli hlutafjár og „varasjóðs“ eða yfirverðs, sjá lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar. Hlutafélagið yfirtók síðan rekstur félagsins, eignir, skuldir og skuldbindingar frá tilteknum degi og var mismunur á upphaflegu stofnfé, þ.e. hlutafé og varasjóði (yfirverði), og eigin fé ríkisfyrirtækisins fært sem óráðstafað eigið fé.



## 24. Sjóðstreymisgreining og kennitölusamanburður

- 24.1. Almennt má segja að sjóðstreymisgreining sé sú aðferð sem best lýsir verðmætamyndun í fyrirtæki þótt hún skili ekki nauðsynlega besta verðmatinu vegna erfiðleika við framkvæmd.
- 24.2. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu er verðmæti fyrirtækis þeir fjármunir sem fyrirtækið skilar kröfuhöfum eftir að fjárbindingu í veltufjármunum og endurfjárfestingarþörf fyrirtækisins hefur verið mætt, reiknað til núvirðis með þeirri ávöxtunarkröfu sem markaðurinn gerir til annarra jafn áhættusamra fjárfestinga.
- 24.3. Verðmæti hins nýja hlutafélags ræðst þannig af arðsemi þess sem metið er með sama hætti og almennt gildir um mat á fjárfestingum, þ.e. lagt er mat á núvirt sjóðstreymi hvers árs af verkefninu út frá líftíma þess miðað við gefnar forsendur um kostnað og tekjur.
- 24.4. Útreiknað verðmæti skv. núvirtu sjóðstreymi ætti að jafnaði að vera hærra en samanlagt verðmæti eigna að frádregnum skuldum.
- 24.5. Við mat fyrirtækja er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri um ókomna framtíð. Ef gert er ráð fyrir jafnri afkomu er í framkvæmd oftast nóg að miða útreikninga á núvirði við sjóðstreymi næstu 10-15 ára.
- 24.6. Ávöxtunarkrafa við núvirðingu. Sjóðstreymið er núvirt út frá gefinni ávöxtunarkröfu sem yfirleitt er miðað við að sé jöfn vegnum fjármagnskostnaði (e. *WACC, weighted average cost of capital*) hlutafélagsins. Veginn fjármagnskostnaður er reiknaður með því að vega saman lánsvexti og ávöxtunarkröfu á eigið fé í hlutfalli við fjármagnsuppbyggingu fyrirtækisins.
- 24.7. Til að reikna veginn fjármagnskostnað þarf því að skoða fjármögnun félagsins, vaxtakjör lána og arðsemiskröfu sem ríkið gerir til fyrirtækisins.
- 24.8. Oft hefur verið miðað við að ríkið geri sambærilega ávöxtunarkröfu til hlutafélaga í sinni eign eins og einkaaðilar myndu gera til sambærilegra fyrirtækja. Eðlilegt er að hafa samráð við viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneyti hvaða ávöxtunarkröfu skuli gera til félagsins.
- 24.9. Ef núvirt sjóðstreymi er jákvætt má líta svo á að verðmæti viðkomandi fyrirtækis sé meira en nemur verðmæti eigna að frádregnum skuldum. Þá skal færa slíkt yfirverð til eignar hjá

félaginu sem viðskiptavild, sbr. ef greitt er hærra verð fyrir eignir en nemur matsverði þeirra.

- 24.10. Ef niðurstaða sjóðstreymisaðferðar er sú að verðmatið sé hærra en endurmetið eigið fé þá ber að færa mismuninn sem viðskiptavild. Ef endurmetnir rekstrarfjármunir eru samkvæmt markaðsverði eða afskrifuðu endurstofnverði þá er ekki með góðu móti hægt að hækka mat á þeim til að jafna út yfirverðið. Hafa ber í huga að þessi félög eru skattskyld og því gilda um þau ákvæði skattalaga sem kveða á um að bókfært verðmæti fyrnanlegrar eignar megi ekki vera hærra en markaðsverð hennar.
- 24.11. Skoða þarf hvort rétt væri að færa mismuninn sem skuld við ríkissjóð þannig að skýrt komi fram að afhendingin geti ekki talist meðgjöf til félagsins sem skekki óeðlilega samkeppnisstöðu keppinauta þess, sbr. útreikning viðskiptavildar Pósts og síma hf.
- 24.12. Einnig er rétt að reikna út aðra mælikvarða á arðsemi hins nýja félags, t.d. arðsemi eigin fjár og innri afkastavexti sem segja til um hvaða reiknivextir gefa núvirði jafnt núlli.
- 24.13. Næmnigreining og hermilíkon. Leiki mikil óvissa um tekjur og gjöld félagsins í framtíðinni kemur til greina að leggja mat á hvaða áhrif breytingar á einstökum tekju- og kostnaðarliðum hafa á núvirt sjóðstreymi. Slíkt mat er kallað næmnigreining (e. *sensitivity analysis*). Einnig er til í dæminu að gera hermiútreikninga (e. *simulation*) til að sjá áhrif og finna líkindadreifingu helstu óvissupátta.
- 24.14. Skattaleg áhrif. Skoða þarf hvaða áhrif breyting yfir í hlutafélag hefur á skattlagningu félagsins. Ríkisaðilar eru t.d. almennt undanþegnir greiðslu tekjuskatta en hlutafélagið er skattskyld.
- 24.15. Þjónustusamningur við ríkið. Þótt ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki hafi verið breytt í hlutafélag í eigu ríkisins má vera að það þurfi áfram ríkisframlag eða aðra opinbera fyrirgreiðslu til að vera rekstrarhæft. Með öðrum orðum: Ríkið kann að vera eini kaupandinn að þjónustu hlutfélagsins eða í það minnsta verulega stór kaupandi.
- 24.16. Mikilvægt er að fyrir liggja hvaða áform stjórnvöld hafa um ríkisframlög og gjaldskrár sem opinberir aðilar þurfa að staðfesta. Einnig þarf að liggja fyrir ef stjórnvöld ætla að binda framlög sín skilyrðum sem kalla á útgjöld félagsins, t.d. um dagskrárefni, útbreiðslusvæði o.þ.h. Reikna má með að ákvæði um slíkt verði í þjónustusamningi milli ríkisins og félagsins.
- 24.17. Til að unnt sé að beita sjóðstreymisgreiningu þurfa að liggja fyrir upplýsingar um rekstrarsögu þeirra stofnana sem breyta á í hlutafélag (ársreikningar), viðskiptaáætlun (e. *business plan*) sem lýsir með

glöggum hætti starfsumhverfi hins nýja fyrirtækis og veikleikum og hvernig stjórnendur þess hafa hugsað sér að haga starfseminni. Oft er formleg úttekt á stöðu fyrirtækisins með SVÓT-greiningu og stefnumótun um reksturinn (e. *strategic plannig*) undanfari þess að hægt sé að leggja fram raunsæja rekstraráætlun.

- 24.18. Kennitölusamanburður felst í að bera saman kennitölur við sambærileg félög innan sömu atvinnugreinar.
- 24.19. Aðferðin er samt háð því hversu sambærileg önnur fyrirtæki eru og hvort upplýsingar liggi fyrir um verðmæti þeirra, t.d. að fyrir hendi séu upplýsingar um verð eignarhluta í nýlegum viðskiptum.



## **Fylgiskjal 1**

## Stofnsamningur fyrir Póst og síma hf.

### 1. grein

Nafn félagsins er Póstur og sími hf. Heimili þess er í Landssímahúsinu við Austurvöll í Reykjavík.

Félagið er stofnað samkvæmt heimild í lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 1. gr. þeirra laga eru félaginu lagðar til allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavíld, svo sem nánar er greint í lögnum.

Félagið er bundið af öllum löggæringum vegna stofnunar félagsins og fyrirhugaðrar starfsemi þess, sem nauðsynlegir voru taldir og gerðir af þriggja manna undirbúningsnefnd, sem samgönguráðherra skipaði hinn 30. júní 1996 í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 103/1996.

### 2. grein.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptáþjónustu, pósthjónustu og fjármálega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða, sem þar um gilda, að reka almennt fjarskiptanet, að reka verslun með hvers konar búnað og vaming, sem tengist framangreindri starfsemi, og að reka aðra skylda starfsemi. Heimilt skal félaginu að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Þá er tilgangur félagsins rekstur fasteigna, flutningastarfsemi, lánstarfsemi, svo og öll önnur starfsemi, sem nauðsynleg er til að tilgangi félagsins verði náð.

Félaginu er heimilt að stofna félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 103/1996.

### 3. grein.

Nafnverð stofnahlutfjár félagsins er kr. 7.446.204.583.oo-SJÓMILJARDARFJÖGURHUNDRUÐFJÖRUTÍUOGSEXMILJÓNIR TVÖHUNDRUÐOGFJÖGURÞÚSUNDFIMMHUNDRUÐÁTTATÍU-OGÞRÍÁRKRÓNURSLÉTTAR.- eins og það hefur verið ákveðið í samræmi við ákvæði 4. gr. og 5. gr. laga nr. 103/1996.

Hlutféð skiptist í 7.446.204.583 einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, sem hver hluthafi á í félaginu á hverjum tíma. Heimilt er að sameina hluti í einu hlutabréfi og skipta einu hlutabréfi í önnur minni. Hlutar skulu hljóða á nafn. Við stofnun hlutafélagsins skulu allir hlutar í því vera í eigu íslenska ríkisins og er sala þeirra óheimil án samþykkis Alþingis. Samgönguráðherra fer með alla hluti ríkisins í félaginu.

Samkvæmt ákvæði 3. gr. laga nr. 103/1996 gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélag, ekki um tölu stofnenda né hluthafa í félaginu.

Hlutfé er allt greitt með yfirtöku eigna í samræmi við ákvæði 4. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 103/1996.

#### 4. grein.

Hinn 19. september 1996 gerðu Póst- og símamálastofnun og Háskóli Íslands með sér sérstaka skipulagsskrá um samstarfsverkefni til 10 ára þar sem meðal annars er kveðið á um kaup gömlu loftskýtastöðvarinnar á Melunum í því skyni að koma upp og reka þar minjasafn um sögu fjarskiptamála á Íslandi, að stofnframlag Póst- og símamálastofnunarinnar til samstarfsverkefnisins sé tæki og búnaður, sem tengjast sögu símamála á Íslandi frá upphafi til nýjustu símatækni og stofnkostnaður til þess að gera safnbúnað aðgengilegan almenningi. Þá kveður skipulagsskráin á um árleg fjárframlög til samstarfsverkefnisins.

Félagið er að sjálfsögðu bundið við skuldbindingar samkvæmt skipulagsskránni, en rétt þykir að taka fram nú við stofnun félagsins, að það er vilji stofnanda, að framangreint minjasafn að sögu fjarskiptamála á Íslandi verði gert að sjálfstæðri vörslustofnun í eigu Íslenska ríkisins með sérstakri löggjöf eða öðrum hætti, en að eignir þessar verði ekki taldar til eigna félagsins.

Á sama hátt er það vilji stofnanda félagsins, að Póst- og símaminjasafnið að Austurgötu 11 í Hafnarfirði svo og frímerkjasöfn og aðrar póstmínjar í vörslu Póst- og símamálastofnunar í Landssímahúsinu við Austurvöll verði gerð að sjálfstæðri vörslustofnun póstmínja í eigu Íslenska ríkisins, í samræmi við ákvæði frumvarps til laga þar um, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

#### 5. grein.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, en verði hlutfé aukð skulu hluthafar eiga forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutseign sína.

#### 6. grein.

Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum nema félaginu verði sliðið eða hlutfé löglega laskað.

#### 7. grein.

Engar hömlur eru á framsali eða annari ráðstöfun hluta í félaginu samkvæmt samþykktum þess, að undanskyldum þeim fyrirvara, að samþykkis Alþingis er þörf, áður en hlutir eru seldir úr eigu ríkisins.


8. grein.

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagssjóði. Hluti gefnir út af félaginu í tengslum við stofnun þess eða skiptingu þeirra samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 103/1996 skulu undanþegnir stimpilgjöldum.

Reykjavík 27. desember 1996.  
F.h. ríkissjóðs

  
Halldór Blöndal,  
samgönguráðherra.

Samþykktur ofanritaðu:

  
Friðrik Sophusson,  
fjármálaráðherra.

2) Í framhaldi af undirritun stofnsamningsins lagði fundarstjóri fram og kynnti tillögu að samþykktum fyrir hlutafélagið Póst og síma hf., sem samgönguráðherra samþykkti og staðfesti síðan með undirritun sinni á fundinum sem samþykkir fyrir hlutafélagið Póst og síma hf., svohljóðandi: *!!!*.



## Fylgiskjal II

**SAMÞYKKTIR**  
**FYRIR**  
**PÓST OG SÍMA HF.**

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.
2. Hlutfé félagsins.
3. Stjórnskipulag.
4. Hluthafafundur.
5. Stjórn félagsins.
6. Framkvæmdastjóri.
7. Reikningar og endurskoðun.
8. Eigið hlutfé félagsins.
9. Breytingar á samþykktum félagsins.
10. Slit á félaginu.
11. Önnur ákvæði.

## 1. Heiti félagsins, heimili, og tilgangur.

- 1.01. Félagið er hlutafélag og nafn þess er Póstur og sími hf.
- 1.02. Heimili félagsins er í Landssímahúsinu við Austurvöll í Reykjavík.
- 1.03. Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, póstpjónustu og fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða, sem þar um gilda, að reka almennt fjarskiptanet, að reka verslun með hvers konar búnað og varning, sem tengist framangreindri starfsemi, og að reka aðra skylda starfsemi. Heimilt skal félaginu að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Þá er tilgangur félagsins rekstur fasteigna, flutningastarfsemi, lánastarfsemi, svo og öll önnur starfsemi, sem nauðsynleg er til að tilgangi félagsins verði náð.  
Heimilt er félaginu að stofna félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 103/1996..

## 2. Hlutafé félagsins.

- 2.01. Hlutafé félagsins er krónur 7.446.204.583.00 - SJÖMILJARÐARFJÖGURHUNDRUÐFJÖRUTÍUOGSEXMILJÓNIR-TVÓHUNDRUÐOGFJÖGURÞÚSUNDFIMMHUNDRUÐÁTTATÍUOG-ÞRJÁRKRÓNURSLÉTTAR og skiptist það í einnar krónu hluti eða það margfeldi þeirrar fjárhæðar sem hver hluthafi á í félaginu á hverjum tíma. Heimilt er að sameina hluti í einu hlutabréfi og skipta einu hlutsbréfi í önnur minni.
- 2.02. Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu, nema um sé að ræða útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sem stjórnin ein má annast í samræmi við heimildir skattvirkvalda hverju sinni. Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutseign sína, en að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er félagsstjórn í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu setur í hvert skipti.
- 2.03. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent hlutabréf, sem stjórnin gefur út og undirskar, og veitir það honum full réttindi, þau sem samþykktir félagsins mæla fyrir um. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn. Halda skal skrá yfir hlutabréf og tilgreina þar eiganda bréfs og eigendaskipti.

- 2.04. Hlutabréf félagsins skulu vera lólusett í áframhaldandi númeraröð og hjóða á nafn. Yfir hlutabréfin skal stjórnin halda skrá og skal þar greina:
- Útgáfudag hlutabréfsins.
  - Nafnverð bréfsins og númer þess.
  - Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari aðilaskipti. Geta skal stóðu hluthafa, heimilisfangs og kennitölu. Ennfremur skal geta eigendaskipta og skráningardags.
  - Breytingar sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda bréfsins, svo sem ef bréfið er ógilt með dómi.

Gagnvart félaginu skal hluthafaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma svo og tilkynningar allar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa á hluthafaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaskipti. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf jafnskjótt og félagsstjórninni hafa verið færðar sönnur á, að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi, enda greiði hann allan kostnað við það. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst um tölu þess og efni, getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.

- 2.05. Samkvæmt niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er allt hlutafé í eigu íslenska ríkisins og er sala þess háð samþykki Alþingis. Eigendaskipti hluta í félaginu taka ekki gildi gagnvart því, fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega. Framsöl hluta skulu rituð á hlutabréfin. Að öðru leyti eru ekki lagðar hömkur á sölu eða aðra ráðstöfun hluta í félaginu samkvæmt samþykktum þessum.
- 2.06. Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf sín. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.
- 2.07. Hver hluthafi skal tilkynna stjórninni utanáskrift sína og má senda til hans allar tilkynningar um félagsmálefni með þeim utanáskrift. Láti einhver hluthafi hjá líða að skýra frá slíkri utanáskrift, á hann hvorki heimtingu á að fá tilkynningu sem stjórnin kynni að ákveða að senda persónulega til hluthafa, nema því aðeins að stjórn félagsins sé kunnugt um heimilisfang hans, né heldur að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann hins vegar vitjað í skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því að hann varð gjaldkræfur.

- 2.08. Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar frá þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt. Þó verða hluthafar ekki, ívorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæmingi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu.

### 3. Stjórnskipulag.

- 3.01. Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundur.
2. Stjórn félagsins.
3. Framkvæmdastjóri.

### 4. Hluthafafundur.

- 4.01. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra félagsfunda. Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 6 mánuði frá dagsetningu þess.

Félagsfundur er lögmætur, ef hann sækja fulltrúar sem hafa yfir að ræða 2/3 hlutum hlutfjárins hið minnsta. Nú sækja félagsfund eigi nægilega margir hluthafar, til þess að fundur verði lögmætur, og skal þá boða til nýs fundar þegar í stsð á sama hátt og er sá fundur lögmætur, hversu fáir sem sækja hann.

- 4.02. Aðalfund skal halda fyrir lok júnimánaðar ár hvert.

Skal stjórn félagsins boða til hans með ábyrgðarbréfi, símskeyti, eða á annan sannanlegan hátt með tveggja vikna fyrirvara hið stysta, til hvers hluthafa, sem skráður er í bókum félagsins. Fundarefnis skal getið í fundarboðinu. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu komnar í hendur stjórnar félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund, til þess að þær verði teknar til umræðu á næsta aðalfundi, nema fundurinn einróma leyfi, að tillögur séu teknar til umræðu. Tillögur sem berast stjórninni skal hún þegar senda hluthöfum bréflaga.

Aðalfundur er þá lögmætur, er hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem hafa yfir að ræða 2/3 hlutfjárins. Nú reynist aðalfundur

ólögmætur og skal þá þegar í stað boða til aðalfundar á ný með viku fyrirvara, og er þá sé fundur lögmætur, hversu tíðir sem hann sækja.

Hluthafar skulu hafa greiðan aðgang að hluthafaskrá félagsins á skrifstofu þess eða öðrum heppilegum stað, í síðustu viku fyrir aðalfund og á öðrum tímum eftir samkomulagi við stjórnendur félagsins.

- 4.03. Stjórn félagsins skal kveðja til félagsfunda, þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Stjórnin tilkynnir hluthöfum fundarefnið með fundarboðinu. Slíkir aukafundir, sem og aðrir venjulegir hluthafafundir, skulu boðaðir á sama hátt og aðalfundir, þó skal fyrirvarinn eigi þurfa að vera lengri en 7 sólarhringar. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, skal stjórninni skytt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórnin eigi boðað til fundar innan þess tíma, er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins. Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið fyrir til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt er að taka málið á dagskrá fundarins.
- 4.04. Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:
  1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðs starfsár.
  2. Rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, skulu lagðir fram til staðfestingar.
  3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
  4. Tekin ákvörðun um hvemig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
  5. Kosning stjórnar sbr. gr. 5.01.
  6. Kosning endurskoðenda sbr. gr. 7.02.
  7. Önnur mál, sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinnsamþykkið að taka til meðferðar.  
Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 og 4 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.
- 4.05. Félagssfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kys, og tölnefnir hann fundaritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, ákveður form umræðna, meðferð málefna á fundinum og

atkvæðagreiðslur. Halda skal sérstaka gjörðabók og skrá þar allar fundarsamþykktir og gagnorðar fundargerðir. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt ritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum fundi félagsins.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarskóp um fundi hluthafa.

- 4.06. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða, nema öðru sé fyrir mælt í samþykktum félagsins eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim, er greinir í 94. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

- 4.07. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til að sækja fundi fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín. Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjórar, þótt ekki séu hluthafar. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti áhlits þeirra eða aðstoðar.

Í byrjun hvers fundar skal athuga hvort menn hafi rétt til að sitja fundinn og greiða atkvæði.

- 4.08. Allar aðaltilögur, sem koma eiga til atkvæða á fundum félagsins, skulu liggja frammi í skrifstofu þess hluthöfum til sýnis eigi skemur en 7 sólarhringa fyrir fund. Þó getur hluthafafundur veitt undanþágu frá þessu með einföldum atkvæðameirihluta.

Dagskrá fyrir fundinn skal liggja frammi í skrifstofu félagsins jafnlangan tíma.

Löglega fram berner viðauka- og breytingaþilögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

Reikningar félagsins, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarmanna og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, skulu liggja frammi í skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 daga fyrir aðalfund.

## 5. Stjórn félagsins.

- 5.01. Aðalfundur félagsins kys árlega með hlutfallskosningu sjö menn í stjórn félagsins og sjö menn í varastjórn. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur komið fram um fleiri menn en kjósa skal.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krefjast þess, skal beita margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krifa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst 5 dögum fyrir hluthafafund. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti.

5.01. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra eða endurskoðenda.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka, án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Af atkvæða ræður úrslitum, nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögmaetum fyrirmælum.

Stjórnendur skulu halda gerðabók um það, sem gerist á stjórnarfundum, og staðfesta hana með undirskrift sinni.

5.03. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar eru:

1. Að ráða framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, semja um laun framkvæmdastjóra og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
2. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
3. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
4. Að hafa samstarf við framkvæmdastjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.
5. Að skera úr um ágreining sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
6. Að ákveða hver eða hverjir skulu skuldbinda félagið.
7. Að setja gjaldskrá fyrir félagið í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 103/1996.



8. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni.

5.04. Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum fyrirtækisins.

5.05. Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum, og er undirskrift fjögurra stjórnarmanna nægleg.  
Getur hún fyrir hönd þess tekið lán, veðsett eignir þessa, eftir því sem ástæður eru til, svo og selt eignir félagsins.

#### 6. Framkvæmdastjóri (framkvæmdastjórn).

6.01. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins, eða samkvæmt samþykktum þess. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venju, og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður alla starfsmenn fyrirtækisins, en hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu helstu starfsmanna. Hann segir og upp starfsmönnum.

Nú ákveður stjórnin að fleiri en einn framkvæmdastjóri skuli vera við félagið, og tiltekur hún þá verkaskipting milli þeirra.

6.02. Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita og endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.

Heimilt er að ráða stjórnarmann framkvæmdastjóra.

#### 7. Reikningar og endurskoðun.

7.01. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið í síðasta lagi fjórum vikum fyrir aðalfund ár hvert og hann þá afhentur endurskoðendum til ræðilegrar endurskoðunar.

7.02. Á aðalfundi skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og varamann hans eða endurskoðendafélag sem endurskoðanda félagsins til eins árs í senn. Meðan hlutafélagið er að meiri hluta í eign íslenska ríkisins skal þó gæta ákvæða 2. mgr. 6. gr. laga nr.12/1986, um ríkisendurskoðun, en samráð annars haft við embætti ríkisendurskoðanda um kosningu endurskoðanda.

Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga fyrirtækisins og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber þeim þá að senda hann til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau og athugasemdirnar liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningni a.m.k. viku fyrir fundinn.

- 7.03. Ársreikningur skal sýna skilmerkilega og ítarlega tekjur og gjöld fyrirtækisins, eignir þess og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafármunum félagsins.

## 8. Eigið hlutafé félagsins.

- 8.01. Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigið hlutafé samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

## 9. Breytingar á samþykktum félagsins.

- 9.01. Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglega boðuðum aðalfundi félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felist í meginatriðum. Á slíkum fundi þurfa að vera næstir eigneridur hluta, eða umboðsmenn þeirra, fyrir tveimur þriðju hlutum hlutafjárins. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði að minnsta kosti tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða. Ef eigi sækja slíkan fund hluthafar, sem hafa yfir að ráða nægilegu hlutafjármagni til þess að gera fundinn lögmætan, skal á ný boða til fundar með viku fyrirvara á þann hátt sem fyrir er mælt í 4.02. Ræður sá fundur málefni því, sem um ræðir til lykta með tveimur þriðju greiddra atkvæða án tillits til fundarsóknar.

Með tillögur um niðurfærslur á hlutafé félagsins skal farið sem lagabreytingar.

## 10. Slit á félaginu.

- 10.01. Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar.


Hið sama á við um hverskonar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu kveður og á um hvernig

ráðstafa skuli eignum þess og greiðslum skulda, sbr. XIII. kafli laga nr. 2/1996 um hlutafélag.

**11. Önnur ákvæði.**

11.01. Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1996 um hlutafélag.

Gjört og staðfest á stofnfundi félagsins hinn 27. desember 1996.



Halldór Blöndal,  
samgönguráðherra.

3) Á fundinum skipaði samgönguráðherra í samræmi við III. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 103/1996, félaginu stjórn, sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 6. gr.

Stjórnina skipa:

Pétur Reimarsson framkvæmdastjóri, Seltjarnarnesi  
Magnús Stefánsson alþingismaður, Reykjavík  
Jenný Jensdóttir framkvæmdastjóri, Mosfellsbæ  
Elín Björg Jónsdóttir skrifstofumaður, Þorlákshöfn  
Gunnar Ragnars viðskiptafræðingur, Akureyri  
Sigrún Benediktsdóttir lögfræðingur, Seltjarnarnesi  
Þorsteinn Ólafsson, Vatnsholti 10, Reykjavík

Varastjórn skipa:

Eliás Jónatánsson verkfræðingur, Bolungarvík  
Aðalsteinn J. Magnússon, Laufásvegi 65, Reykjavík  
Elsa B. Valsdóttir læknanemi, Reykjavík  
Smári Haraldsson bæjarfulltrúi, Ísafirði  
Lilja Steinþórsdóttir endurskoðandi, Akureyri  
Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, Garðabæ  
Hansína Björgvinsdóttir, Lindarhvammi 3, Kópavogi

4) Kosning endurskoðanda samkvæmt ákvæði samþykkt 7.02. Að höfðu samráði við embætti ríkisendurskoðanda var ákveðið að ríkisendurskoðandi og embætti hans skuli endurskoða reikninga félagsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

Að þessum dagskrárlíðum afgreiddum var gert hið á fundi, en að því loknu var fundi fram haldið.

5) Formaður stjórnarinnar skýrði frá því að stjórn félagsins hafi komið saman í fundarhléi og þar orðið sammála um skiptingu starfa þannig:

Formaður: Pétur Reimarsson, varaformaður: Magnús Stefánsson,  
ritari: Jenný Jensdóttir.

Formaður stjórnar skýrði frá því að stjórnin hefði veitt Guðmundi Björnssyni prókúruumboð fyrir félagið.

6) Stjórninni var falið að ganga frá tilkynningu um stofnun félagsins til hlutafélagaskrár.

7) Á fundinum var stjórnarmönnum ákveðin þóknun fyrir stjórnarstörf sín fyrsta starfsárið kr. 41.734,- á mánuði og formanni tvöföld sú fjárhæð.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum, en boðað var til blaðamannafundar að loknum stofnfundinum.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið.

*Jón Birgitta Jónsson*  
*Stjórn Stjórnar*

## Fylgiskjal III

9 JAN 1997

• Sendend (póst, skil)

**TILKYNNING UM  
STOFNUN  
HLUTAFÉLAGS**

Skjalnúmer

Stað

Öst

1 Nafn hlutafélagsins Póstur og sími hf.	
2a Heimilisfang hlutafélagsins Landsímahúsinu v/Austurvöllum í Reykjavík	2b Útöku
3 Tilgangur hlutafélagsins 2.gr. stofnsamnings. Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptáþjónustu, póstþjónustu og fjármálega umsjón á grundvelli laga og reglugerða, sem þar um glíða, að reka almennt fjarskiptarætt, að reka vaxlan með hvers konar búnað og vaxning, sem tengist fræmngreindri starfssemi, og reka aðra skylda starfssemi. Helmið skal félagsins að standa að stofnun eða gerast eigeraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Þá er tilgangur félagsins rekstur fasteigna, flutningastarfssemi, lántarfssemi, neyð og öll önnur starfssemi, sem nauðynleg er til að tilgangur félagsins verði náð. Félagsins er helmið að stofna félag eða félög, sem alfaríð verði í eigu þess, til þess að annast ávæðna þetti í starfssemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ávæðað skiptingu þess í samráði við ávæðil 133. gr. laga v.2/1995 um hlutafélag, sákomast 2. mgr. 2.gr. laga nr. 303/1996.	
4 Dagskrá og vaxningur 27.12.1996	

5a Sendend (póst, skil, heimilisfang)

Sampönguráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands

kt. 550269-1639

6a Nafn hlutafélagsins	6b Heimilisfang hlutafélagsins
Pétur Reimarsson, 090351-3709, Tjarnarnýri 39, 170 Seltj.	
Jenny Jónsdóttir, 151258-2129, Byggðarholti 53, 270 Mosf.	
Engihlíð 8, 355 Ólafsvík	
Magnús Stefánsson, 011060-3319, Háaleitisbraut 28, 108 Rví	
Gunnar Ragnarsson 250438-4359, Eikarlundi 26, 600 Ak.	
Þorsteinn Ólafsson, 020345-4119, Vatnsholti 10, 105 Rvík	
Sigrún Benediktadóttir, 140254-3399, Sólhrætt 13, 170 Seltj.	
Elín Björg Jónsdóttir, 211052-4739, Haukabergr 6, 815 Þorl.	

7a Fyrirsendingarjafn (jafn, kt., heimildarg) Guðmundur Björnsson kt. 230642-3709 Hléskógum 17 Rvík	7b Fyrirsendingarjafn <i>Guðmundur Björnsson</i>
8a Félagsnúmer (jafn, kt., heimildarg)	8b Félagsnúmer
9 Fyrirfarir (hvers margi er sáttur þarf til skuldbinda hlut?) Fjóra	
10 Hlutur 7.446.204.583.00	
11 Hlutafélag, fjárhæð hluta Einn flokkur. Hlutafé skiptist í einnar krónu hluti eða það margfeldi þeirrar fjárhæðar sem hver hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.	
12a Hversu mikið af heildarhluta skal greitt í peningum eða öðru? Allt hlutafé er greitt með yfirtöku allra eigna og skuldbindinga	12b Hversu er hið ógreidda kaði?
13a Hversu mikið af heildarhluta skal greitt í peningum? Póst- og símanálastofnunar pr. 1. janúar 1996 í samræmi við ákvæði laga nr. 103/1996	13b Hversu mikið af heildarhluta skal greitt í öðru en peningum?
14 Fylgja skuldbörð hlutum samkvæmt samþykktum hlutanna, hvaða hlutum og hver? Eignir: þó eiga hluthafar forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við hlutaeign sína.	
15 Hver innlausnarskylda á nokkrum hlutum samkvæmt samþykktum hlutanna? Engin innlausnarskylda	
16 Hvaða hlutur er lagður á viðlagt með hlut, sta. 21. gr. 10. forkaupsreglu sta. 22. gr. 10. og samþykktum hlutanna fyrir viðskipting, síðu eða öðru sambærilegt hlutum sta. 21. gr. 10.? Engar hömlur á viðskipti með hluti að öðru leyti en því að sala hluts í eigu ríkissjóðs er háð samþykki Alþingis.	
17 Hvaða samþykki er viðskipti hluta (hvers margum hlutum þygi hlut skuldb.) Einni krónu	
18 Fyrirfarir hlutanna Almanaksárið	
19 Aðrir vilkurlausnarskylda (því um með ábyrgðarbréfi eða stýrslu) Með ábyrgðarbréfi, sínskeyti eða á annan samnanlegan hátt, aðalfund með tveggja vikna fyrirvara hið stýsta en aðra með 7 daga fyrirvara	
20a Eignarskylda eða skuldbinding (jafn, kt., heimildarg um heildarhlut, gj. hlut)	20b Samþykki fyrir afhendingu (því eignarskylda)
Ríkisendurskoðandi og embætti hans.	<i>Ágústína</i> <i>Samur Kristján</i>

Hér með staðfestist að framangreindar upplýsingar eru réttar. Jafnframt er því lýst yfir að upplýtt eru skilyrði eftirlitandi ákveðna laga: 4. mgr. 3. gr. hl. um hæfisskýrði stofnenda; 66. gr. hl. um hæfisskýrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra; 58. gr. laga um ársreikninga um hæfisskýrði endurskoðenda eða skoðunamanna.

Staður og dagsetning Reykjavík, 3. janúar 1997

Tveir yfirlitarmenn (nafn og kt.)

Sigurður H. Sigurðsson  
160967-3829

Barna Myrland  
140466-4879

Full eiginhandamaðri allra stjórnarmanna

Ólafur Þinnar  
Jenny S. Jónsdóttir  
Ólafur Björn Jónsson  
Jóhanna Stefánsdóttir  
Stefanía Þorvaldsdóttir  
Jón Þ. Ólafsson  
Ólafur Þinnar

Yfirlýsing lögmanns eða löggilts endurskoðanda:  
Upplýsingar í tilkynningu um greiðslu hlutfjár eru réttar.

Nafn, kt., staða heimilisfang

Ólafur Þinnar  
121257-2867

Fullt eiginhandamaðri

LÖGMAÐRISKRIFstofnan CARRASSTJÓRN IR GR

Tilkynningar ásamt fylgiskjöllum, skráningar- og birtingargjöldum skal senda til hlutfélagaskrár.

### Lagatextar

(með fyrirvara um breytingar)

Úr lögum um hlutfélög nr. 2/1995 (hl.)

4. mgr. 3. gr.

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðsluþöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögdráa.

66. gr.

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar skulu vera lögdráa, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur ánum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlífð dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almannum hegningarlögum eða lögum um hlutfélög, einkahlutfélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórnar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veili undanþéttu frá því. Búsetuskyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagsvæðinguna enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-riki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

147. gr.

Hlutfélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutfélaga og útbúa erlendra hlutfélaga. Ráðherra setur nánari reglur um skýpuleg hlutfélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákveðið laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.

Tilkynningar til hlutfélagaskrár ásamt fylgiskjöllum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutfélagaskrár eða til sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimil. Sé tilkynning afhent sýslumanni skal hann þegar framsenda hana til hlutfélagaskrárinnar enda óflast tilkynning ekki gildi fyrir en við skráningu þar.